



## Aðalfundur foreldrafélags leikskólans Furugrundar 21.október 2020



Aðalfundur foreldrafélags Furugrundar 21.október 2020 kl. 20 er haldinn sem netfundur á fundarforritinu TEAMS.

**Fundarstjóri er Helga Dögg Flosadóttir ritari foreldrafélagsins.**

**Ritari fundar er Helga H. Þorsteinsdóttir**

Á dagskrá;

- kynning á leikskólanum Furugrund
- skýrsla stjórnar
- reikningar félagsins, undirritaðir af gjaldkera og staðfestir af endurskoðanda
- kosning nýrra fulltrúa og varamanna í stjórn
- kosning endurskoðanda úr hópi foreldra \* framkvæmda og fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
- kosið í foreldraráð
- Lagabreytingar sem hafa borist stjórn og auglýstar hafa verið með minnst sjö daga fyrirvara fyrir aðalfund leikskólans
- lagabreytingar ná aðeins fram að ganga ef 2/3 hlutar fundarmanna eru þeim samþykkir

Núverandi stjórn er skipuð:

Eva Ósk Eggertsdóttir, formaður  
Helga Dögg Flosadóttir, ritari  
Gyða Rut Vildísardóttir, gjaldkeri  
Margrét Friðgeirsdóttir, varamaður í stjórn  
Vala Ósk Eggertsdóttir, varamaður í stjórn  
Karólína Lárusdóttir, aðalmaður í stjórn

### **Fundur er settur af Helgu Dögg Flosadóttur ritara foreldrafélagsins**

Eva Sif Jóhannsdóttir sitjandi leikskólastjóri kynnir leikskólann Furugrund og fer yfir starf leikskólans, hvað skólinn stendur fyrir, gildi hans, hvað unnið er markvisst með margt fleira.

Farið er yfir annálinn (skýrslu stjórnar) og veltu saman.

Helga Dögg Flosadóttir ritari foreldrafélagsins fer yfir rekstrarárið sem hefur verið skrítið sökum Covid. Félagsgjöld voru hækkuð í fyrra.

Greiðsluseðill er sendur út í heimabanka og er valgreiðsluseðill en allir eru þó hvattir til aðildar að félaginu.

Foreldrafélagið á ekki að vera rekið í hagnaði. Lítið hægt að gera en gjaldið í foreldrafélagið er 6000 krónur.



## Aðalfundur foreldrafélags leikskólans Furugrundar 21.október 2020



Árinu er skilað í hagnaði en þannig á það ekki að vera því þetta er ætlað til að að gera ýmislegt fyrir börnin. Í fyrra var ekki dans námskeið og ekki var farið í ferð í húsdýragarðinn, en leikhópurinn Lotta hélt uppi stuðinu á jólaballinu. Vegna Covid var engin sveitaferð og sumarhátíðin var með breyttu sniði og án foreldra. Foreldrafélagið keypti pylsur fyrir börnin og bauð upp á leikrit.

Foreldrafélagið keypti leikföng vegna þess að til var tekjuafgangur. Keyptir voru kaplakubbar, sullukör og leikföng því tengd eftir ábendingu frá leikskólastjóra. Árinu er skilað í plús en reynt verður að finna nýjar leiðir til að gleðja börnin og skapa tækifæri til að foreldrar kynnist og hittist á nýju starfsári.

Reikningar félagsins undirritaðir af gjaldkera og staðfestir af endurskoðanda.

### **Kosning nýrra fulltrúa og varamanna í stjórn**

Sitjandi stjórn býður sig áfram að undanskyldum Karólínu Lárusdóttur og Gyðu Rut Vildísardóttur þar sem börnin þeirra eru ekki lengur nemendur í skólanum.

Anna Bergljót Thorarensen og Kristín Bestla Þórsdóttir bjóða sig fram í foreldrafélagið og eru kosnir nýir meðlimir í stjórn. Samþykkt er að sitjandi stjórn sitji áfram með þessum breytingum.

Stjórnin mun ræða það síðar hvernig útfærslan verður á hlutverkum innan stjórnarinnar.

Eygló Ólafsdóttir var kosin endurskoðandi reikninga.

### **Kosning í foreldraráð**

Núverandi foreldraráð er skipað: Bergdís Geirsdóttur, Erlu Maríu Sigurgeirsdóttur, Lovísu Guðmundsdóttur og starfandi leikskólastjóra Evu Sif Jóhannsdóttur. Erla María óskar ekki eftir áframhaldandi setu í ráðinu. Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Helgi Freyr Rúnarsson bjóða sig fram auk Natalie Rut Don ef vantar fleiri fulltrúa. Athugað verður með hvort núverandi fulltrúar vilja sitja áfram en þeir voru ekki á fundinum.

### **Lagabreytingar**

Ekki voru gerðar athugasemdir við lagabreytingarnar.

Leikskólastjóri fer aðeins yfir starfsmannamál.

Fundi er slitið kl. 20:50